

Stjórnarfundur nr. 6

28. september 2011 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Erindi frá Shih tzudeild varðandi PRA A-2544
Sammála að senda erindið til vísindanefndar og fá þeirra álit.
2. Erindi frá Schnauzerdeild sent m. tölvupósti 15. september
Sammála að hafa sambærilega verðskrá og er á veiðiprófum. Sjá gjaldskrá HRFÍ.
3. Erindi frá Cavalierdeild sent m.tölvupósti 20. september A-2545
Farið verður yfir ákvörðun stjórnar á fulltrúaráðsfundinum í kvöld og útskýrt nánar ástæðuna fyrir að leyfa ekki deildarsýningar árið 2012.
4. Erindi frá Papillondeild sent m. tölvupósti 21. september A-2546
Sammála að senda erindið til vísindanefndar og fá þeirra álit.
5. **Sólheimakot – tölvupóstur frá Þorgeiri Þorgeirssyni Mosfellsbæ v. Sólheimakots**
Fundur til að yfirfara ástand húsa og því viðkomandi.
F.h. Hrfí : Valgerður Júlíusdóttir
F.h. Mosfellsbæjar: Þorgeir Þorgeirsson, forstöðumaður fasteigna

Við skoðun húsa kom eftirfarandi í ljós:

Sólheimakot

Leki er með reykháf hússins. Lekinn kemur niður í eldhúsi við efri skápa og hefur skemmt parkel töluvert á afmörkuðu svæði. Parket þarfnast slípunar og lökkunar. Það þyrfti að mála nánast alla vegg, loft, hurðir og glugga. Að utanverðu þarf að mála allt: vegg, glugga, hurðir og þak.

Hver einasti nagli er farinn að ryðga. Helst sést á málningu neðst á veggjum úti.

Vatnsmál:

Mikill hávaði er frá dælu sem getur orsakast af ónýtri legu eða dælan sjálf farinn. Hugsanlegt að hún hafi verið keyrð þurr. Veit ekki ástand brunnsins.

Þá eru nokkrar rúður ónýtar sem þarf að skipta út.

Refahús og geymsla við refahús:

Húsið er opið á nokkrum stöðum þar sem þakplast hefur fokið eða brotnað.

Þarna snjóar inn að vetri og mikið af fuglaskít út um allt.

Eins eru allar rúður brotnar í endanum sem reiknað er með að vera upphitaður.

Eins og þetta er núna er húsið óhæft til notkunar .

Þyrfti að byrja á að loka húsinu með báraþlötum sem eru til á svæðinu (í geymslunni)

Sem minnkar hættu á frekari skemmdum og foktjóni.

Þlötturnar ættu að fara langt með að duga sem eru til.

Gróft skot með kostnað við að koma Sólheimakoti í þokkalegt stand er um 3.0-3,5 milljónir.

6. Val á afreks- og þjónustuhundi ársins 20112 A-2547

Sammála báðum tilnefningunum.

7. Erindi frá Íþróttadeild – tölvupóstur frá Guðrúnu Katrínu Jóhannsdóttur
Góðan daginn

Íþróttadeild óskar hér með eftir að fá að halda keppni í hundafimi laugardaginn 5. nóvember í reiðhöll Gusts í Kópavogi.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á beiðni þessari og ákvörðun stjórnar HRFÍ til að hægt sé að auglýsa keppnina með góðum fyrirvara.

Fh. Íþróttadeildar HRFÍ

Guðrún Katrín Jóhannsdóttir

Samþykkt ef keppnin er haldin helgina á eftir vegna þess að tímasetningin skarast á við ræktunarnámskeið hjá Hans Áke.

8. Deildarsýningar

Deildarsýningar á síðasta ári stóðust ekki væntingar varðandi fjölda skráninga.

Upplýsingar :

Fimm deildasýninging (Smáhunda,-Shih tzu-, Mjóhunda-,Yorkshire terrier- og Terrierdeild : Skráning var heldur minni en áætlað var.

Papillon- og phaléndeild: skráning léleg, tap á sýningu

Spítzhundadeild var með 38 skráningar. Dómari var samnýttur í annað til að dreifa kostnaði og gera þeim kleift að halda sýninguna.

Chihuahuadeild rétt marði núllið fyrir utan skrifstofukostnað, 52 hundar skráðir.

Þriggja deildasýning: Schnauzer 58 hundar/62 hundar, am.cocker sp. 20 hundar og cavalier 51 hundur: 2 dómara. Rétt náist að fylla skráningu fyrir am.cocker spaniel

Schäferdeild: 54 skráningar, náðist með góðri samvinnu og jákvæðni

Retrieverdeild: 66 skráningar

Deildarsýningar standa rétt á núlli eða undir en hafa áhrif á skipulagðar sýningar félagsins.

Skráningar á deildarsýningar á árinu stóðust ekki væntingar. HRFÍ finnur fyrir samdrætti í skráningum á skipulögðum sýningum félagsins á árinu. Sýningar félagsins, samanburður milli ára 2010 og 2011:

Feb 2010 – 871 hundur, feb 2011 – 818 skráir

Júní 2010 – 748 hundar, júní 2011 – 610 hundar skráðir

Ágúst 2010 – 758 hundar, ágúst 2011 – 691 hundar skráðir

Félagið hafi gert ráð fyrir aukningu á milli ára sem varð ekki raunin.

Allir sammála að sjá til hvernig skráning verður á næstu sýningar en leyfa ekki deildarsýningar á árinu 2011.

Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 12. október kl.16:30.

Fundi slitið,

Sign:

Anna María Flygenring,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir,

Björn Ólafsson,

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir,

Jóna Th. Viðardóttir,

Súsanna Antonsdóttir

Valgerður Júlíusdótti.